

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Blásali í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 19. nóvember 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Blásali 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 13. Í breytingunni felst eftirfarandi:

1. Parhús við Blásali 1, 3, 5 og 7, ásamt raðhúsum við Blásali nr. 9, 11 og 13 verði felld út af skipulagi og í þeirra stað komi fjögur fjórbylíshús.
2. Í stað sjö lóða komi fjórar.
3. Í stað þriggja bygginga komi fjórar.
4. Húsin verði tveggja hæða í stað einnar hæðar og í hverju þeirra verði tveir innbyggðir bílskúrar.
5. Íbúðum fjölgar um níu.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. september til 28. október 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 8. desember 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Námssjóður Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Eskifirði.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungt og efnalítið fólk á Eskifirði til framhaldsnáms í viðurkenndum menntastofnunum jafnt innanlands sem erlendis.

3. gr.

Stofnandi sjóðsins Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., leggur fram kr. 1.000.000 sem stofnfé. Tekjur sjóðsins til framtíðar verða frjáls framlög, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem stjórn sjóðsins aflar. Eignir sjóðsins skulu aldrei vera minni en kr. 471.000 að raungildi miðað við lánskjaravísitölu septembermánaðar 1998.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Einum kjörnum af stjórn Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. og skal hann gegna stjórnarformennsku. Stjórnarformaðurinn skal velja sér tvo meðstjórnendur úr hópi kvenna er starfa hjá Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf. Jafnframt skal stjórnarformaðurinn velja tvo varastjórnarmenn úr sama hópi.

Starfstímabil hvernar stjórnar er tvö ár.

Hlutverk stjórnar er að vinna að tilgangi sjóðsins og annast rekstur hans.

Stjórnin skal halda bókhald um rekstur og eignir sjóðsins og gera árlega skýrslu um störf sín, sem kynna skal á aðalfundi Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. ár hvert.

Stjórnin skal halda fundagerðarbók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnarinnar varðandi sjóðinn.